

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps vegna jarðstrengs og tengivirkis.

Skipulagsstofnun staðfesti 4. febrúar 2020 breytingu á aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022 sem samþykkt var í hreppsnefnd 20. nóvember 2019.

Í breytingunni felst að skilgreina 0,8 ha iðnaðarsvæði (I7) fyrir tengivirki í landi Lækjartúns II, norðan Suðurlandsvegjar. Jafnframt verður Selfosslína 2 felld út og gert er ráð fyrir um 10 km jarðstreng í hennar stað.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 4. febrúar 2020.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 18. febrúar 2020